



Skuldabréfaflokkur

Útgefandi: RARIK ohf.

Höfuðstólsfjárhæð: 5.500.000.000 kr.

Lýsing þessi er birt í tengslum við umsókn RARIK ohf. („RARIK“, „félagið“, „útgefandinn“) um töku skuldabréfa í flokknum RARIK 151039 til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík („Nasdaq Iceland“). Nasdaq Iceland mun tilkynna opinberlega ef skuldabréfin verða tekin til viðskipta, og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin verður, með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Útgefin og seld skuldabréf í flokknum eru að fjárhæð 5.500.000.000 kr.

Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í lýsingunni, á tímabilinu frá því að lýsingin er staðfest og þar til viðskipti með skuldabréfin á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hefjast mun félagið útbúa viðauka við lýsinguna í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, þar sem greint er frá viðkomandi atriðum.

Lýsing þessi er gerð í samræmi við íslensk lög og reglugerðir og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 frá 14. mars 2019 sem hefur verið innleidd í íslenskan rétt, þar á meðal lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Lýsingin fylgir ákvæðum viðauka í framseldri reglugerð Framkvæmdastjórnar ESB 2019/980, þ.e. viðaukum 7 og 15. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga útgefnum af Kauphöllinni. Lýsingin, sem gefin er út á íslensku, samanstendur af tveimur aðskildum skjölum, verðbréfalýsingu þessari og útgefandalýsingu, hvor um sig dagsettar 19. maí 2025. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu.

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Fjárfestar sem skuldabréfin varða eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar í þessari lýsingu, einkum þær er fjalla um áhættupætti.

Lýsingu þessari skal ekki dreifa til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótar skráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef dreifing hennar brýtur í bága við lög eða reglur viðkomandi lands.

Lýsing þessi er dagsett 19. maí 2025

Ráðgjafi og umsjónaraðili töku til viðskipta





RARIK

Verðbréfalýsing

RARIK 151039

19. maí 2025

Efnisyfirlit

1.	Áhættupættir	2
1.1	Almenn áhætta skuldabréfa	2
1.2	Endurgreiðsluáhætta	2
1.3	Seljanleikaáhætta	3
1.4	Vaxtaáhætta	3
1.5	Uppgjörs- og vörsluáhætta	3
1.6	Verðtrygging	3
1.7	Lagalegt umhverfi og lagabreytingar	3
1.8	Uppgjörsáhætta	4
2.	Tilkynning til fjárfesta	5
2.1	Yfirlýsing ábyrgðaraðila lýsingar fyrir hönd útgefanda	7
2.2	Umsjónaraðili	7
2.3	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	7
2.4	Upplýsingar frá þriðja aðila	8
2.5	Ástæða útgáfunnar, ráðstöfun hennar og markmið með töku bréfanna til viðskipta	8
3.	Um skuldabréfin sem tekin skulu til viðskipta	9
3.1	Almennt	9
3.2	Skilmálar skuldabréfaflokksins	9
3.2.1	Forgangs röðun	11
3.2.2	Vanskil	11
3.2.3	Framsal	11
3.2.4	Greiðslufyrirkomulag	11
3.2.5	Ábyrgð á greiðslu	12
3.2.6	Breytingar á skilmálum	12
3.2.7	Afskráning	12
3.2.8	Fyrning	12
3.2.9	Heimild	12
3.2.10	Vextir og hlunnindi	12
3.3	Sérstök gjaldfellingarákvæði	12
3.4	Löggjöf sem um útgáfuna gildir	14
3.5	Kostnaður	15
4.	Skilgreiningar	16

1. Áhættupættir

Hér á eftir er lýst þeim áhættupáttum sem RARIK er kunnugt um og telur skipta máli varðandi skuldabréfaflokkinn RARIK 151039 þannig að meta megi markaðsáhættuna sem tengist skuldabréfunum. Umfjöllun um þá áhættu sem útgefandi telur eiga sérstaklega við um félagið (og eftir atvikum dótturfélög hans) og þá atvinnugrein sem félagið starfar innan má finna í kafla 1 *Áhættupættir* í útgefandalýsingu félagsins dagsettri 19. maí 2025. Áhættupættirnir eru settir fram eftir alvarleika að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist, þar sem fyrst eru taldir upp alvarlegustu áhættupættirnir að mati RARIK í hverjum flokki.

Fjárfesting í skuldabréfum útgefanda felur í sér áhættu. Verðmæti skuldabréfanna getur hækkað eða lækkað. Fjárfestar geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfunum eða eftir atvikum hluta hennar. Fjárfestar sem eru að velta fyrir sér kaupum á skuldabréfum útgefnum af RARIK eru hvattir til að kynna sér vel þá áhættupætti sem ræddir eru í lýsingu þessari og leggja eigið mat á þá áhættu sem kaupin gætu útsett þá fyrir.

Samkvæmt bestu vitund inniheldur kafli 1 *Áhættupættir* í verðbréfalýsingu þessari ásamt kafla 1 *Áhættupættir* í útgefandalýsingu félagsins dagsettri 19. maí 2025 tæmandi lýsingu á þeim áhættupáttum sem máli kunna að skipta við að meta áhættu af fjárfestingu í skuldabréfaflokknum RARIK 151039. RARIK getur ekki spáð fyrir um líkur þess hvort eða hvenær þeir áhættupættir sem hér er fjallað um muni hafa áhrif á starfsemi félagsins eða verð skuldabréfa útgefnum af því. Þá er ekki hægt að meta fjárhagsleg áhrif einstakra áhættupátta.

1.1 Almenn áhætta skuldabréfa

Skuldabréf bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast samhliða hreyfingum á ávöxtunarkröfu skuldabréfa á mörkuðum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði bréfanna og á hinn bóginn ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði bréfanna. Margvísleg atriði geta orðið til þess að breytingar verða á mörkuðum með fjármálagerninga og þá á verði skuldabréfanna, s.s. breytingar á vaxtastigi, lagabreytingar, ófyrirséðir atburðir eða áföll og almennt efnahagsástand. Slíkir atburðir eru utan áhrifasviðs útgefanda. Nánar er vikið að lagaumhverfi því sem um verðbréfin og útgefanda þeirra gilda í kafla 1.7. *Lagalegt umhverfi og lagabreytingar* í verðbréfalýsingu þessari. Ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfestingin muni reynast arðsöm. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast að þrátt fyrir að fjárfesting í skuldabréfum kunni að skila góðri ávöxtun almennt er sú hætta ávallt fyrir hendi að skuldabréf í einstökum félögum reynist óarðbær.

1.2 Endurgreiðsluáhætta

Útgefandi ber beina, óskilyrta, ótryggða og óvíkjandi ábyrgð á greiðslu afborgana og vaxta af skuldabréfunum. Kröfur skuldabréfaeigenda vegna skuldabréfanna eru ávallt jafnrétt háar innbyrðis sem og gagnvart öðrum ótryggðum skuldbindingum útgefanda. Undanskildar eru skuldbindingar sem samkvæmt lögum njóta forgangs sem og víkjandi kröfur á hendur útgefanda.

Til að draga úr endurgreiðsluáhættu hefur útgefandi samþykkt sérstök gjaldfellingarákvæði sem m.a. fela í sér að útgefandi má ekki vanefna greiðslur samkvæmt öðrum skuldaskýldum, hann skal ávallt vera í meirihlutaeigu hins opinbera, hann skal viðhalda sérleyfi til starfrækslu dreifiveitu og ekki vanrækja né brjóta á starfsskyldum sínum, hann skal halda skilyrði um fjárhagslegan styrk, honum er óheimilt að veðsetja eignir sínar nema að undangengnu skriflegu samþykki tveggja þriðju hluta skuldabréfaeigenda (að fjárhæð og fjölda), bann er lagt við breytingum á starfsemi, útgefanda ber að sjá til þess að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði auk þess sem

útgefandi ber tilkynningarskyldu gagnvart eigendum skuldabréfanna. Nánar er fjallað um gjaldfellingarákvæðin í kafla 3.3 í verðbréfalýsingu þessari.

Að öðru leyti hefur útgefandi ekki samþykkt kvaðir sem hafa áhrif á hæfi hans til að takast á hendur frekari skuldir sem væru jafnstæðar skuldabréfum í flokknum RARIK 151039.

1.3 Seljanleikaáhætta

RARIK 151039 er nýr flokkur skuldabréfa útgefinn af útgefanda sem ekki hafa verið stunduð viðskipti með á skipulegum verðbréfamarkaði áður. Ekki er hægt að ábyrgjast að skilvirkur markaður eða mikil velta myndist með skuldabréfin þrátt fyrir að þau verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Af þessu leiðir að seljanleiki bréfanna getur verið takmarkaður og kann slíkt að hafa áhrif á markaðsvirði þeirra. Útgefandi hefur ekki gert, né hyggst hann gera, samning um viðskiptavakt á skuldabréfaflokknum.

1.4 Vaxtaáhætta

Skuldabréfin bera fasta árlega vexti. Vaxtaáhætta bréfanna er fólgin í mögulegri breytingu á vöxtum á íslenskum skuldamarkaði (ávöxtunarkröfu skuldabréfa). Efávöxtunarkrafan hækkar þá lækkar almennt séð verðmæti skuldabréfanna og að sama skapi efávöxtunarkrafan lækkar þá getur það leitt til hækkaðs mats fjárfesta á virði skuldabréfanna.

1.5 Uppgjörs- og vörsluáhætta

Uppgjör viðskipta með skuldabréf fer fram í gegnum vörslukerfi verðbréfa. Sú áhætta er til staðar að mótaðili í slíkum viðskiptum geri greiðslu ekki upp með þeim hætti sem vænst var eða þá að eign í skuldabréfunum tapist vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna vörsluaðila.

Vörsluaðili er Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á reikninga skuldabréfaeigenda.

1.6 Verðtrygging

Skuldabréfin eru verðtryggð með vísitölu neysliverðs til verðtryggingar sem er reiknuð af Hagstofu Íslands. Grunnvísitala bréfanna miðast við 15. október 2024 og var þá 633,10 stig. Höfuðstóll skal uppreiknaður áður en vextir eru reiknaðir.

Almennt efnahagsástand, svo sem atvinnustig, gengisþróun íslensku krónunnar og órói á fjármálamarkaði eru dæmi um þætti sem geta haft áhrif á verðbólgu og þar með verðmyndun skuldabréfanna.

1.7 Lagalegt umhverfi og lagabreytingar

Um skuldabréfaflokkinn gilda íslensk lög svo sem þau eru við staðfestingu lýsingar þessarar. Skuldabréfin eru verðbréf í skilningi 64. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og eru rafrænt skráð, sbr. lög nr. 7/2020 um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

Sem útgefanda verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði ber félaginu að lúta lögum nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðsvik, reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og reglum Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga á hverjum tíma.

Breytingar á lögum og reglum, dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvarðanir gætu haft áhrif á starfsemi félagsins til lengri eða skemmri tíma. Slíkar breytingar gætu leitt til taps fyrir félagið eða með öðrum hætti haft neikvæð áhrif á arðsemi þess eða fjárhagslega stöðu. RARIK kann að verða aðili að dómsmálum eða kröfugerðum af hendi þriðja aðila. Ekki er hægt að útiloka að dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvarðanir verði félaginu óhagfelldir.

1.8 Uppgjörsáhætta

Sú áhætta er til staðar, í tengslum við möguleg viðskipti með bréfin, að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma.

2. Tilkynning til fjárfesta

Lýsing þessi er birt í tengslum við umsókn um töku skuldabréfaflokks útgefnum af RARIK ohf. til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland hf., 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík („Nasdaq Iceland“). Höfuðstólsfjárhæð útgefinna skuldabréfa í flokknum nemur 5.500.000.000 kr. að nafnverði. Skuldabréfin eru gefin út rafrænt í kerfum Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. („verðbréfamiðstöð“) og bera auðkennið RARIK 151039. Verði umsókn útgefanda samþykkt mun Nasdaq Iceland tilkynna um það, sem og um fyrsta viðskiptadag með bréfin, opinberlega með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Lýsingin er útbúin af Íslandsbanka með útgefanda og byggir alfarið á opinberum gögnum ásamt gögnum frá félaginu og stjórnendum þess. Lýsingin er birt rafrænt á íslensku á vef félagsins, <https://www.rarik.is/um-rarik/fjarmal> og verður aðgengileg þar á gildistíma hennar sem er 14 ár frá staðfestingu hennar. Lýsing þessi samanstendur af tveimur aðskildum skjölum, verðbréfalýsingu þessari og útgefendalýsingu, dagsettar 19. maí 2025.

Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er dagsett og geta breyst frá því að lýsingin er staðfest og þar til viðskipti hefjast með skuldabréfin. Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í lýsingunni, á tímabilinu frá því að lýsingin er staðfest og þar til viðskipti með skuldabréfin á aðalmarkaði Nasdaq Iceland hefjast mun félagið útbúa viðauka við lýsinguna í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn skal staðfestur innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Eftir birtingu lýsingarinnar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af útgefandanum eða varða hann.

Lýsing þessi er gerð í samræmi við íslensk lög og reglugerðir og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 frá 14. mars 2019 sem hefur verið innleidd í íslenskan rétt, þar á meðal lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Lýsingin fylgir ákvæðum viðauka í framseldri reglugerð Framkvæmdastjórnar ESB 2019/980, þ.e. viðaukum 7 og 15. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga útgefnum af Kauphöllinni.

Verðbréfalýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“) sem lögbæru yfirvaldi samkvæmt lögum um lýsingu verðbréfa sem boðin eru á almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020 og reglugerð ESB 2017/1129. Fjármálaeftirlitið staðfestir verðbréfalýsingu þessa í þeim skilningi að hún uppfyllir kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð ESB 2017/1129. Ekki ber að líta á staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á verðbréfalýsingu þessari sem stuðning við útgefandann né sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem lýsingin þessi varðar.

Lýsingu þessari skal ekki dreifa til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótar skráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef dreifing hennar brýtur í bága við lög eða reglur viðkomandi lands.

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Fjárfestar sem skuldabréfin varða eru hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar í þessari lýsingu og er í því samhengi sérstaklega bent á kafla 1 um áhættuþætti. Fjárfestar verða sjálfir að taka ákvörðun um hvort fjárfesting í verðbréfunum sé góður kostur fyrir þá.

Lýsingu þessa má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, umsýgnaraðila eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í skuldabréfum útgefanda og taka tillit til þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum og verðbréfafyrirtækjum, til aðstoðar við mat á

verðbréfum útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup í skuldabréfum útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

2.1 Yfirlýsing ábyrgðaraðila lýsingar fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður og forstjóri, fyrir hönd RARIK ohf., kt. 520269-2669, Dverghöfða 2, 110 Reykjavík, lýsa því hér með yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 19. maí 2025

f.h. RARIK ohf.

Ingunn Agnes Kro,
Formaður stjórnar

Magnús Þór Ásmundsson
Forstjóri

2.2 Umsjónaraðili

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur (hér eftir „Íslandsbanki hf.“ eða „umsjónaraðili“) hefur verið útgefanda til ráðgjafar við útgáfu og sölu skuldabréfaflokksins og töku hans til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland, þ.m.t. við gerð lýsingar þessarar. Íslandsbanki þiggur þóknun fyrir aðkomu sína að þessum verkefnum. Lýsingin byggir alfarið á upplýsingum frá útgefanda. Íslandsbanki hf. hefur ekki staðreynt með sjálfstæðum hætti að þær upplýsingar sem lýsingin hefur að geyma séu réttar.

Samskiptaupplýsingar Íslandsbanka eru: fyrirtækjaráðgjof@islandsbanki.is og LEI auðkenni er 549300PZMFIQR79Q0T97.

2.3 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Engir hagsmunaárekstrar eru á milli skyldustarfa aðila er sitja í stjórn, varastjórn eða framkvæmdaráði RARIK og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Engin fjölskyldutengsl eru á milli stjórnarmanna og forstjóra eða framkvæmdastjóra félagsins. Stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins. Viðskipti við tengda aðila eru verðlögð eins og um ótengda aðila sé að ræða.

Vakin er athygli á eftirfarandi hagsmunum Íslandsbanka vegna RARIK:

- Íslandsbanki hf. fær greidda þóknun úr hendi útgefanda fyrir þá vinnu sem tilgreind er í kafla 2.2. *Umsjónaraðili* í verðbréfalýsingu þessari. Engin önnur hagsmunatengsl eru til staðar á milli útgefanda og umsjónaraðila.

2.4 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eru fengnar frá Hagstofu Íslands. Útgefandi staðfestir að upplýsingarnar hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingar ónákvæmar eða villandi.

2.5 Ástæða útgáfunnar, ráðstöfun hennar og markmið með töku bréfanna til viðskipta

Söluandvirði útgáfunnar nam alls kr. 5.500.000.000 var nýtt í endurnýjun og stækkun rafdreifikerfis á veitusvæði RARIK ohf. Markmið með töku bréfanna til viðskipta er að auka markaðshæfi þeirra og seljanleika fyrir fjárfesta.

Heildarkostnaður áætlaður við útgáfuna og töku skuldabréfanna til viðskipta er kr. 8.000.000 og því áætluð nettó fjárhæð ágóðans af útgáfunni kr. 5.492.000.000.

3. Um skuldabréfin sem tekin skulu til viðskipta

3.1 Almennt

Auðkenni:	ISIN:	Nafnverðseining flokks:	Loka-gjaldddagi:	Gjaldmiðill:	Tegund:	Verðtrygging:	Nafn-vextir:
RARIK 151039	IS0000036838	20.000.000 - kr.	15.10.2039	ISK	Jafnar afborganir	Já	3,8137% fastir árlegir vextir

Skuldabréfin eru nafnbref, rafrænt skráð hjá Verðbréfamiðstöð Íslands hf., Suðurlandsbraut 10 („verðbréfamiðstöð“). Bréfin eru vistuð á vörslureikningi viðkomandi fjárfestis hjá reikningsstofnun að hans vali.

Skuldabréfin voru seld fjárfestum í lokuðu tilboðsferli sem fór fram á árinu 2024. Hægt verður að eiga með þau viðskipti á eftirmarkaði á líftíma bréfanna. Sala og afhending fór fram gegn staðgreiðslu.

Engin sérstök réttindi eða hlunnindi fylgja skuldabréfunum. Allar kröfur til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafn réttháar innbyrðis. Útgefandi ber einn ábyrgð á greiðslum af skuldabréfunum. Útgefandi hefur ekki skráð lánshæfismat. Verðbréfin hafa þar að auki ekki skráð lánshæfismat.

3.2 Skilmálar skuldabréfaflokksins

Auðkenni:	RARIK 151039
ISIN:	IS0000036838
Tegund bréfs:	Verðtryggt, jafnar afborganir
Gjaldmiðill:	Íslenskar krónur
Vextir:	3,8137% fastir árlegir vextir
Dagaregla:	30/360
Verðtrygging:	Vísitala neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísitölu þann 15. október 2024 sem er 633,10 stig. Höfuðstóll skal uppreiknaður áður en vextir eru reiknaðir.
Greiðslur:	Höfuðstóll greiðist með 30 jöfnum afborgunum tvisvar á ári, í fyrsta sinn 15. apríl 2025 og á sex mánaða fresti þar á eftir á 15. degi mánaðarins. Vextir greiðast á sömu gjalddögum og höfuðstóllinn. Á lokagjaldddaga skulu allar eftirstöðvar höfuðstóls greiddar. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal greiðsludagur vera næsti bankadagur þar á eftir. Bankadagur í skuldabréfaflokki þessum telst vera virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.
Greiðslustaður:	Greiðslustaður er hjá reikningsstofnunum, í samræmi við skilmála skuldabréfanna og greiðsluupplýsingar frá verðbréfamiðstöð og ber hver reikningsstofnun ábyrgð á útdeilingu greiðslna til skuldabréfaeigenda.
Útgáfudagur:	15. október 2024
Fyrsti vaxtadagur:	15. apríl 2025
Lokagjaldddagi:	15. október 2039
Heildarútgáfa:	Allt að kr. 10.000.000.000 (krónur tíu milljarðar)
Útgefið nú:	kr. 5.500.000.000 (krónur fimm milljarðar og fimm hundruð milljónir)
Nafnverðseining:	kr. 20.000.000 (krónur tuttugu milljónir)
Uppgreiðsluheimild:	Uppgreiðsla skuldabréfanna, hvort sem er í hluta eða heild, er óheimil út líftíma þeirra.

Útreikningsaðili:	Útgefandi
Hlunnindi:	Engin sérstök réttindi eða hlunnindi fylgja skuldabréfunum.
Tryggingar:	Engar

3.2.1 Forgangsöröðun

Skuldabréfin eru ekki víkjandi, hvorki gagnvart núverandi né framtíðarskuldbindingum útgefanda.

Útgefandi hefur ekki samþykkt kvaðir í tengslum við útgáfu skuldabréfanna að undanskildum gjaldfellingarákvæðum þeim getur í skuldabréfinu. Nánar er fjallað um gjaldfellingarákvæði skuldabréfsins í kafla 3.3 *Sérstök gjaldfellingarákvæði* í verðbréfalýsingu þessari.

Útgefanda ber að halda eiginfjárhlutfalli félagsins, samkvæmt birtu hálfárs- eða ársuppgjöri, 35% að lágmarki og jafnframt skal vaxtaþekja, skv. skilgreiningu í 6.tl. kafla 3.3 *Sérstök gjaldfellingarákvæði* í verðbréfalýsingu þessari, vera hærri en 2,5. Að öðru leyti er ekkert sem kemur í veg fyrir aukna skuldsetningu hans án þess að slíkt hafi áhrif á skuldabréfaflokk þennan.

3.2.2 Vanskil

Það telst vanefnd af hálfu útgefanda ef hann greiðir ekki afborganir eða vexti á gjalddaga og slík vanefnd varir lengur en 30 daga frá gjalddaga.

Sé greiðsla ekki innt af hendi á gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á vörslureikningi hjá reikningsstofnun.

Falli gjalddagi á dag þegar bankar eru lokaðir en útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, er ekki leyfilegt að innheimta dráttarvexti.

Verði skuld gjaldfelld samkvæmt útgáfulýsingu skuldabréfaflokksins má gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. sömu laga. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og kostnaðar af innheimtuaðgerðum og frekari fullnustuaðgerðum, sbr. 2. mgr. 1. gr. fyrrgreindra laga.

Leiti útgefandi nauðasamninga eða sé bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta fellur skuldabréfaflokkurinn sjálfkrafa í gjalddaga.

3.2.3 Framsal

Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila.

Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi verðbréfamiðstöðvar, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sem er einni heimilt að annast milligöngu um framsal þeirra.

Eignarskráning rafbréfa hjá verðbréfamiðstöð veitir skráðum eigendum þeirra lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem þeir eru skráðir að.

Engar aðrar hömlur eru á framsali skuldabréfanna.

3.2.4 Greiðslufyrirkomulag

Á gjalddaga greiðir útgefandi afborganir og vexti til reikningsstofnana með milligöngu verðbréfamiðstöðvar. Reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á reikninga skuldabréfaeigenda.

3.2.5 Ábyrgð á greiðslu

Ábyrgðarskylda útgefanda vegna greiðslu vaxta og höfuðstóls af skuldabréfunum telst bein, ótryggð, skilyrðislaus og óvirkjandi skuldbinding.

Skuldabréfin njóta jafnrar stöðu innbyrðis og skal meta til jafns við aðrar beinar, ótryggðar, skilyrðislausar og óvirkjandi skuldbindingar útgefandans.

3.2.6 Breytingar á skilmálum

Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfaflokks þessa. Til að samþykkja skilmálabreytingu þarf samþykki a.m.k. þriggja fjórðu hluta skuldabréfaeigenda (að fjárhæð).

Útgefandi annast fundarboðun þar sem leggja skal fram tillögu að breytingum á skilmálum og skal sú fundarboðun vera opinber.

Fundarboð, fundargögn og niðurstaða fundar skuldabréfaeigenda skal tilkynnt verðbréfamiðstöð, Nasdaq Iceland og umsjónaraðila skuldabréfaútgáfunnar.

Útgefanda er heimilt að fá uppgefna skráða eigendur skuldabréfanna hjá verðbréfamiðstöð.

3.2.7 Afskráning

Skuldabréfaflokkur verður afskráður sjö sólarhringum eftir lokagjaldþaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda aðra tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

3.2.8 Fyrning

Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fynast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá lokagjaldþaga, sbr. 5.gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda. Vaxtakröfur fynast á fjórum árum, sbr. 3. gr. sömu laga.

3.2.9 Heimild

Skuldabréfaútgáfa þessi var samþykkt á fundi stjórnar RARIK ohf. þann 4. október 2024.

3.2.10 Vextir og hlunnindi

Skuldabréfin bera 3,8137% fasta árlega vexti. Vextir fram til lokagjaldþaga greiðast tvisvar sinnum á ári, þann 15. apríl og 15. október ár hvert, á sömu gjaldþögum og höfuðstóllinn. Á lokagjaldþaga skulu allar eftirstöðvar höfuðstóls greiddar ásamt þeim vöxtum sem fallið hafa á frá gjaldþaga síðustu vaxtagreiðslu.

Skuldabréfin eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísitölu þann 15. október 2024 sem er 633,10 stig. Sala skuldabréfa sem fram fór í október 2024 var gerð á ávöxtunarkröfunni 3,8137%.

Engin sérstök réttindi eða hlunnindi fylgja skuldabréfunum.

3.3 Sérstök gjaldfellingarákvæði

Við neðangreind skilyrði er skuldabréfaeigendum heimilt að gjaldfella eftirstöðvar skuldarinnar. Slík heimild er háð því skilyrði að a.m.k. 1/3 skuldabréfaeigenda, miðað við fjárhæð, samþykki slíkt. Framangreint skilyrði gengur frammar mögulegu orðalagi gjaldfellingarákvæðanna um annað, t.d. um að heimilt sé að gjaldfella fyrirvaralaust og án uppsagnar.

Virkjast heimild skuldabréfaeiganda til gjaldfellingar skal útgefandi, með sannanlegum hætti, boða til fundar allra skuldabréfaeigenda, þar sem greidd skulu atkvæði um gjaldfellingu. Boða skal til slíks fundar með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara. Útgefandi skal birta upplýsingar um mögulega gjaldfellingu og boðun á slíkan fund opinberlega, sbr. V. kafla laga nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu og reglur Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerna. Fullnægjandi opinber tilkynning í skilningi ákvæðis þessa skal teljast skrifleg tilkynning sem birt er í gegnum fréttakerfi Nasdaq Iceland, enda sé útgefandi útgefandi fjármálagerna sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Séu engir fjármálagerningar útgefanda teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal tilkynning teljast fullnægjandi sé henni komið til skuldabréfaeigenda fyrir atbeina verðbréfamiðstöðvar.

1) Vanefndir á öðrum fjárskuldbindingum

Ef útgefandi vanefnir greiðslur vegna einhverra fjárhagslegra skuldbindinga sinna og slíkar vanefndir varða fjárhæðir umfram 100 milljónir íslenskra króna fyrir einstakar skuldbindingar eða 250 milljónir íslenskra króna að samtölu, og slíkum vanefndum er ekki komið í skil innan 30 daga frá gjalddaga. Þetta á þó ekki við ef slík vanefnd stafar af réttlætanlegum mótmælum útgefanda við slíkri kröfu og eðlilegum vörnum er haldið uppi. Fjárhæðin skal breytast til samræmis við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu í 15. október 2024 eða 633,1 stig.

2) Jafnræði skuldabréfaeigenda

Ef kröfur skuldabréfaeigenda skv. skuldabréfaflokki þessum eru ekki ávallt jafnrétt háar innbyrðis og á hverjum tíma jafnrétt háar öðrum ótryggðum skuldbindingum útgefanda. Undanskildar eru skuldbindingar sem samkvæmt lögum njóta forgangs sem og víkjandi kröfur á hendur útgefanda.

3) Skilyrði um eignarhald

Ef útgefandi á einhverjum tímapunkti er ekki í meirihlutaeigu ríkissjóðs eða félags sem að fullu er í eigu ríkissjóðs.

4) Svipting sérleyfis

Verði útgefandi, fyrir eigin vanrækslu eða brot á starfsskyldum, sviptur sérleyfi til starfrækslu dreifiveitu, sbr. 13.gr. Raforkulaga nr. 65/2003 er heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust.

5) Skilyrði um fjárhagslegan styrk

Útgefandi mun tryggja að bókfært eiginfjárlutfall samstæðureiknings RARIK samkvæmt opinberlega birtum, endurskoðuðum ársreikningi eða hálf árs uppgjöri, sé ávallt hærra en 35%.

Hyggist skuldabréfaeigendur gjaldfella skuldina á grundvelli þess að eiginfjárlutfall útgefanda sé lægra en að framan greinir verður slíkt einungis gert að undangenginni tilkynningu um slíka vanefnd og skal útgefanda gefinn kostur á að bæta úr vanefndinni innan 14 daga frá móttöku tilkynningarinnar.

Takist útgefanda ekki að bæta úr vanefndinni innan tilgreinds tímafrests er skuldabréfaeigendum heimil tafarlaus gjaldfelling. Kjósi skuldabréfaeigendur hins vegar að nýta ekki gjaldfellingarheimildina fellur hún niður við opinbera birtingu næsta uppgjors enda hafi eiginfjárlutfall útgefanda þá farið upp fyrir 35% á nýjan leik.

6) Vaxtaþekja

EBITDA (hagnaður fyrir vexti, skatta og afskriftir) undangenginna 12 mánaða skal vera hærra en 2,5 sinnum greiddir vextir á samstæðugrunni fyrir sama tímabil í endurskoðuðu ársuppgjöri eða hálf árs uppgjöri útgefanda. Ákveði kröfuhafi hins vegar að nýta ekki gjaldfellingarheimildina fellur hún niður við næsta opinberlega birta uppgjör enda hafi EBITDA náð því að vera 2,5 sinnum greiddir vextir skv. ofangreindu nýju endurskoðuðu ársuppgjöri eða hálf árs uppgjöri.

7) Veðsetningarkvöð

Útgefanda er óheimilt að veðsetja eignir sínar án skriflegs samþykkis tveggja þriðju hluta skuldabréfaeigenda, að fjárhæð og fjölda.

Veðsetji útgefandi eignir sínar til tryggingar öðrum skuldum, þrátt fyrir framangreint, er skuldabréfaeigendum heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust

8) Breytingar á starfssemi

Verði gerð veruleg breyting á starfssemi útgefanda samkvæmt samþykktum félagsins, t.d. að útgefandi hefur rekstur sem er ótengdur núverandi rekstri, er heimilt að gjaldfella skuldabréfin fyrirvaralaust.

Tilgangur félagsins á útgáfudegi er samkvæmt 3. gr. nógildandi samþykktu:

„Tilgangur félagsins er að framleiða rafmagn, dreifa og eiga viðskipti með raforku og varmaorku í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003 og orkulaga nr. 58/1967 vegna hitaveitna, hvort heldur er í heildsölu eða smásölu, ásamt hverri þeirri starfssemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins.

Þá er tilgangur félagsins enn fremur að taka þátt í stofnun og rekstri annarra félaga sem samrýmast rekstri þess.

Þá er tilgangur félagsins, rekstur fasteigna og lánastarfssemi.“

9) Skráning skuldabréfanna

Útgefandi skuldbindur sig til þess að sjá til þess að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eigi síðar en 30. júní 2025 og að eiga megi viðskipti með skuldabréfin fram að lokagjalddaga þeirra. Brjóti útgefandi gegn þessu ákvæði er skuldabréfaeigendum heimilt að fella skuldabréfin í gjalddaga fyrirvaralaust.

10) Tilkynningarskylda

Útgefandi skuldbindur sig til að birta opinberlega tilkynningu uppfylli hann ekki þau skilyrði sem kveðið er á um í liðum 1-9 hér að framan.

Fullnægjandi opinber tilkynning í skilningi ákvæðis þessa skal teljast skrifleg tilkynning sem birt er í gegnum fréttakerfi Nasdaq Iceland, enda sé útgefandi útgefandi fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Séu engir fjármálagerningar útgefanda teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal tilkynning teljast fullnægjandi sé henni komið til skuldabréfaeigenda fyrir atbeina verðbréfamiðstöðvar.

3.4 Löggjöf sem um útgáfuna gildir

Um skuldabréfaflokkinn gilda íslensk lög svo sem þau eru við staðfestingu lýsingar þessarar. Skuldabréfin eru verðbréf í skilningi 64. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og eru rafrænt skráð, sbr. lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Um skuldabréfin gildir enn fremur tilskipun frá 9. febrúar 1798 um áritun afborgana á skuldabréf og óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf.

Sem útgefanda verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði ber félaginu að lúta lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðsvik, reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og reglum Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga á hverjum tíma.

Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fynast á tíu árum frá gjalddaga, utan krafna um vexti og verðbætur sem fynast á fjórum árum frá gjalddaga, skv. 3. og 5. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda.

Rísi mál út af skuldabréfaflokki þessum, má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

3.5 Kostnaður

Heildarkostnaður áætlaður við útgáfuna og töku skuldabréfanna til viðskipta er kr. 8.000.000. Kostnaðurinn samanstendur af skráningargjaldi Nasdaq Iceland vegna töku bréfanna til viðskipta, þóknun skv. gjaldskrá verðbréfamiðstöðvar vegna rafrænnar skráningar bréfanna, kostnaði vegna yfirferðar og staðfestingar lýsingar hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og þóknun til til Íslandsbanka hf. vegna umsjónar með sölu bréfanna og gerð lýsingar.

4. Skilgreiningar

Hagstofa Íslands	vísar til Hagstofu Íslands, kt. 590169-0809, Borgartúni 21a, 105 Reykjavík.
RARIK, útgefandi, félagið og RARIK ohf.	vísar til RARIK ohf., kt. 520269-2669, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík.
Lýsingin	vísar til verðbréfalýsingar þessarar auk útgefandalýsingar RARIK ohf. báðar dagsettar 19. maí 2025.
Nasdaq Iceland	vísar til Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.
Skuldabréfin, skuldabréfaflokkarnir og útgáfan	vísar til skuldabréfaflokks útgefnum af RARIK ohf., auðkenndum með RARIK 151039, sem er tilefni verðbréfalýsingar þessarar.
Stjórn	vísar til stjórnar RARIK ohf.
Umsjónaraðili og Íslandsbanki	vísar til Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi.
Útgefandalýsing	vísar til útgefandalýsingar RARIK dagsettri 19. maí 2025.
Verðbréfamiðstöð	vísar til Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf., kt. 451015-2140, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík.
Verðbréfalýsing	vísar til verðbréfalýsingar þessarar, dagsett 19. maí 2025.

Framangreindar skilgreiningar og skammstafanir eiga við nema annað sé af samhengi augljóst. Þegar vísað er til laga og reglugerða í lýsingunni er vísað til íslenskra laga og reglugerða með áorðnum breytingum.

Fullgild rafræn undirskrift

INGUNN AGNES KRO

2025-05-19 11:12:37 GMT

Kennitala: 2703823989

f.h Rarik ohf.

Fullgild rafræn undirskrift

MAGNÚS ÞÓR ÁSMUNDSSON

2025-05-19 12:23:21 GMT

Kennitala: 0801634959

f.h Rarik ohf.



RARIK

Útgefandalýsing

19. maí 2025

Efnisyfirlit

1. Áhættupættir	2
1.1 Áhætta tengd rekstri RARIK.....	2
1.2 Áhætta tengd fjárhag og fjármagnsmörkuðum.....	3
1.3 Lausafjár og fjármögnunaráhætta.....	4
1.4 Fjárhagsleg skilyrði skuldabréfanna	4
1.5 Önnur áhætta	4
2. Tilkynning til fjárfesta.....	6
2.1 Yfirlýsing ábyrgðaraðila lýsingar fyrir hönd útgefanda	7
2.2 Endurskoðendur.....	7
2.3 Umsjónaraðili.....	7
2.4 Staðfesting af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands	7
3. Upplýsingar um útgefandann.....	8
3.1 Útgefandi	8
3.2 Saga, starfsemi og skipulag.....	8
3.3 Hluthafi	9
4. Stjórn, framkvæmdaráð og hluthafi RARIK.....	10
4.1 Stjórn	10
4.2 Framkvæmdaráð	12
4.3 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar.....	13
5. Aðrar upplýsingar	15
5.1 Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu.....	15
5.2 Stjórnsýslu-, dóms- og gerðardómsmál	15
5.3 Skjöl til sýnis.....	15
5.4 Skjöl felld inn með tilvísun	15
6. Skilgreiningar	17

1. Áhættuþættir

Hér á eftir fer umfjöllun um þá áhættu sem útgefanda, RARIK ohf., kt. 520269-2669, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík („**RARIK**“, „**félagið**“ eða „**útgefandinn**“), er kunnugt um og telur skipta máli og eiga sérstaklega við um útgefanda (og eftir atvikum dótturfélög hans) og þá atvinnugrein sem félagið starfar innan.

Fjárfesting í skuldabréfum útgefanda felur í sér áhættu. Verðmæti skuldabréfanna getur hækkað eða lækkað. Fjárfestar geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfunum eða eftir atvikum hluta hennar. Fjárfestar ættu ætíð að byggja ákvörðun sína um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin skoðun eða óháðri ráðgjöf sem þeir telja viðeigandi. Fjárfestar sem eru að velta fyrir sér kaupum á skuldabréfum útgefnum af RARIK eru hvattir til að kynna sér vel þá áhættuþætti sem ræddir eru í lýsingu þessari og leggja eigið mat á þá áhættu sem kaupin gætu útsett þá fyrir.

Samkvæmt bestu vitund inniheldur kafli 1 *Áhættuþættir* í útgefandalýsingu þessari ásamt kafla 1 *Áhættuþættir* í verðbréfalýsingu félagsins dagsettum 19. maí 2025. Lýsingu á þeim áhættuþáttum sem máli kunna að skipta við að meta áhættu af fjárfestingu í skuldabréfaflokkum útgefnum af RARIK, við útgáfu á þessari útgefandalýsingu („**skuldabréfin**“, „**skuldabréfaflokkarnir**“ eða „**flokkarnir**“).

Áhættuþættirnir eru settir fram eftir alvarleika að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist, þar sem fyrst eru taldir upp alvarlegustu áhættuþættirnir að mati útgefanda í hverjum flokki. Áhættuþættirnir eru háðir óvissu og því er er áhættuflokkun hér að neðan gerð samkvæmt bestu vitund stjórnenda RARIK.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla þá áhættuþætti sem gætu haft áhrif á útgefanda í framtíðinni, því áhættuþættir sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hafi veruleg áhrif síðar. Eins gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag. Sá möguleiki er því fyrir hendi að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta en þeirra sem hér eru taldir upp og teljast því ekki til áhættu. Þá er ekki hægt að meta fjárhagsleg áhrif einstakra áhættuþátta.

Utan þeirra þátta sem getið er í útgefandalýsingu þessari er félaginu ekki kunnugt um neina stjórnvaldslega, efnahagslega, skattalega eða peningalega stefnu né óvissuþætti, kröfur eða skuldbindingar sem hafa eða gætu haft mikilvæg bein eða óbein áhrif á rekstur RARIK.

1.1 Áhætta tengd rekstri RARIK

1.1.1 Veðurfar, náttúruhamfarir og bilanir

RARIK ber áhættu vegna óveðurs, eldgosa, jarðskjálfta og annarra náttúruhamfara en tjón félagsins vegna slíkra áfalla hafa ekki verið tíð undanfarin ár. Stjórnendur meta áhættu félagsins vegna bilana óverulega í samhengi við stærð dreifikerfisins og efnahag félagsins. Þó ekki sé hægt að spá fyrir um tíðni óveðurs þá hefur sagan sýnt að skæð óveður sem leiða til eignatjóns koma ekki árlega. Til þess að lágmarka áhættu félagsins af óveðri hefur félagið unnið jafnt og þétt við að koma loftlínukerfinu í jarðstrengi. Í þéttbýli fer öll raforkudreifing fram í gegnum jarðstrengi en unnið er markvisst að endurnýjun kerfisins með jarðstrengjum í hinum dreifðari byggðum. Slíkt mun í senn auka rekstraröryggi félagsins og öryggi afhendingar til viðskiptavina til muna, m.a. vegna fækkunar truflana og bilana sökum ísingar og válynds veðurs. Á árinu 2024 var líkt og undanfarin ár unnið að endurnýjun og styrkingu dreifikerfisins en samtals voru lagðir 397 km á árinu og eru nú um 80% af dreifikerfi RARIK komið í jörðu. Þetta hefur m.a. leitt til þess að truflunum vegna veðurs hefur fækkað til mikilla muna og dreifikerfi RARIK því betur í stakk búið að takast á við óveður og verjast áhættu af óveðri.

Þættir tengdir almennu efnahagsumhverfi og ytri þáttum, svo sem þeir sem hér að ofan eru taldir, eru utan áhrifasviðs stjórnar og stjórnenda RARIK.

1.1.2 Þjónustusvæði félagsins

Íslandi er skipt í dreifiveitusvæði og hefur RARIK einkarétt og skyldu til dreifingar raforku á mestöllu landinu að höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Suðurnesjum, Vestmannaeyjum, Selfossi og Vestfjörðum undanskildum. Dreifiveitum er óheimilt að sækja viðskiptavinum á milli skilgreindra dreifiveitusvæða og er vöxtur því eingöngu mögulegur með kaupum á öðrum starfandi dreifiveitum. Af þessu leiðir að brottflutningur viðskiptavina af dreifiveitusvæðum félagsins gæti leitt til tekjusamdráttar sem að endingu gæti haft áhrif á getu félagsins til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

Bent er á að RARIK er úthlutað tekjumörkum, eins og skilgreint er raforkulögum nr. 65/2003, og er ætlað að tryggja sem best að tekjur standi undir nauðsynlegum fjárfestingum auk eðlilegri arðsemi fastafjármuna.

1.2 Áhætta tengd fjárhag og fjármagnsmörkuðum

Ábyrgð á eftirliti með fjárhagslegri áhættu er á höndum stjórnar félagsins og fer hún yfir stöðu rekstrar mánaðarlega á reglulegum fundum sínum. Stjórnarfundir skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði en oftast telji stjórn ástæðu til þess. Stjórn félagsins skal hafa eftirlit með því að reksturinn sé í samræmi við eigendastefnu ríkisins. Nánari upplýsingar um starfshætti stjórnar félagsins má nálgast í starfsreglum stjórnar sem birtar eru á vefsíðu útgefanda [RARIK - Stjórn og stefna - Stjórn RARIK](#)

1.2.1 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er samnefni þeirrar áhættu sem felst í áhrifum á breytinga á vöxtum, verðbólgu og gengisskráningu íslensku krónunnar sem getur haft áhrif á fjárhagsstöðu félagsins.

Vaxtaáhætta

Skuldabréfin eru óuppgreiðanleg og bera fasta árlega vexti en félagið ber vaxtaáhættu af lántökum sínum og lausafjárstyringu. Breytingar á vöxtum hafa áhrif á vaxtakostnað félagsins. Núverandi bankafjármögnun félagsins, samtals að fjárhæð 4.484 m.kr. m.v. 31. desember 2024, er í erlendum myntum, USD og EUR, og ber breytilega óverðtryggða vexti¹.

RARIK getur ekki ábyrgst að lánsfé á sambærilegum kjörum og félaginu bjóðast nú muni standa því til boða í framtíðinni. Aðstæður á mörkuðum með lánsfé geta breyst og ekki er hægt að útiloka að félagið þurfi á fjármögnun að halda á tímum þegar framboð lánsfjár er takmarkað. Vaxtahækkunarir, sem slíkt ástand myndi líklega leiða af sér, hefðu bein áhrif á afkomu og hagnað félagsins. Félagið ver sig ekki sérstaklega gegn vaxtabreytingum. Hækkun á vöxtum um 100 punkta á uppgjörssdegi 31. desember 2024 hefði lækkað eigið fé og afkomu ársins hjá samstæðunni um 31,7 millj. kr. Ef vextir hefðu lækkað um 100 punkta hefðu áhrifin verið þau sömu í gagnstæða átt. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar.

Stærstur hluti vaxtaberandi skulda félagsins þann 31. desember 2024, eða um 75% er verðtryggður og ber fasta vexti til langs tíma. Langur lánstími á föstum vöxtum dregur þannig úr vaxta- og fjármögnunaráhættu félagsins.

Gjaldmiðlaáhætta

Starfrækslugjaldmiðill RARIK er í íslenskum krónum og eru allar tekjur félagsins í þeirri mynt. Engu að síður ber RARIK hættu af áhrifum breytinga á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta af þeim.

¹ Fast álag ofan á 6 mánaða Euribor og Term SOFR vexti í hvorri mynt fyrir sig.

Gengisáhættan er tilkomin vegna hvors tveggja, erlendrar lántöku félagsins, og innkaupa á rekstrartengdum búnaði og íhlutum erlendis frá. Samstæðan ver sig að jafnaði ekki fyrir gengisáhættu. Í árslok 2024 voru erlend lán félagsins tæplega 16% af vaxtaberandi skuldum. Á árinu 2024 hefði 10% styrking íslensku krónunnar, að öðrum stærðum óbreyttum, gagnvart þeim gjaldmiðlum sem RARIK ber áhættu af hækkað afkomu félagsins eftir skatt um að hámarki 68 m.kr. Veiking íslensku krónunnar um sama prósentustig hefði sömu áhrif í gagnstæða átt. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar.

Verðbólguáhætta

Verðbólga getur haft áhrif á skuldbindingar félagsins með þeim hætti að yfirgnæfandi hluti langtímaskuldbindinga félagsins, eða um 75% í árslok 2024, í íslenskum krónum eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs (VNV). Verðtryggingin hefur þau áhrif að höfuðstóll skulda félagsins í íslenskum krónum breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs og geta því afborganir og vaxtagreiðslur af langtímaskuldbindingum hækkað með aukinni verðbólgu.

1.2.2 Mótaðilaáhætta

RARIK ber hættu á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi standa ekki við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta RARIK er einkum vegna viðskiptakrafna. Viðskiptamenn RARIK eru einstaklingar og fyrirtæki. Flestir viðskiptamenn hafa átt í áralöngum viðskiptum og tapaðar kröfur hafa verið lágt hlutfall af veltu. Unnið er eftir ákveðnum reglum við innheimtu krafna sem miða að því að draga úr lánsáhættu. Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar á viðskiptakröfum, öðrum kröfum og fjárfestingum. Kröfur eru almennt metnar hafa tapast endanlega við gjaldþrot mótaðila. Dreifing viðskiptakrafna eftir viðskiptavinum var nokkuð jöfn í árslok 2024.

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært virði þeirra sem var 14.670 m.kr. þann 31. desember 2024. Samstæðan metur tapsáhættu í skuldabréfaeign og öðrum skammtíma kröfum óverulega en mótaðili er að lang stærstu leyti íslenska ríkið. Tapaðar kröfur árið 2024 námu 1,3 m.kr. sem svarar til 0,005% af tekjum.

1.3 Lausafjár og fjármögnunaráhætta

RARIK skuldbindur sig til að endurgreiða skuldabréfin á gjalddaga með tekjum sínum og eignum. Þrátt fyrir að útgefandi kappkosti að stýra lausafé sínu þannig að hann geti ávallt mætt skuldbindingum sínum getur sú staða komið upp að hann hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða til að greiða af skuldum þegar þær falla á gjalddaga. Samstæðan hefur samið um yfirdráttarheimild að fjárhæð 1.400m.kr. hjá viðskiptabanka sínum sem var ónýtt í árslok 2024 Samstæðan hefur ávaxtað laust fé í skammtíma fjárfestingum.

1.4 Fjárhagsleg skilyrði skuldabréfanna

Skuldabréfaflokkar RARIK bera fjárhagslegu skilyrði sem RARIK skuldbindur sig til þess að hlíta og taka mið af í rekstri og efnahag RARIK.

Komi til þess að félagið standist ekki fjárhagsleg skilyrði og takist ekki að bæta úr innan tilskilins frests kann að vera að eigendum skuldabréfanna sé heimilt að fella allar eftirstöðvar í gjalddaga.

1.5 Önnur áhætta

1.5.1 Aðrir ytri þættir

Ytri áhrifaþættir svo sem náttúruhamfarir og farsóttir kunna að hafa áhrif á félagið. Ytri áhrifaþættir höfðu ekki teljandi áhrif á rekstur RARIK á árinu 2024. Framvinda nokkurra verkefna tafðist vegna

viðvarandi efnisskorts og eins urðu tafir vegna kæru í tengslum við verðfyrirspurnarferli RARIK sem leiddi til þess að fresta þurfti nokkrum verkefnum til ársins 2024. Eldsumbrot á Reykjanesi hafa ekki haft áhrif á rekstur RARIK samstæðunnar. Skortur á afhendingu á skerðanlegri orku til kyndistöðva í upphafi árs 2024 mun auka kostnað vegna olíukaupa á komandi ári, auk þess að auka kolefnislosun RARIK.

Þættir tengdir almennu efnahagsumhverfi og ytri þáttum, svo sem þeir sem hér að ofan eru taldir, eru utan áhrifasviðs stjórnar og stjórnenda RARIK.

1.5.2 Skattaleg áhætta

Breytingar á lögum og reglum varðandi beina og óbeina skattheimtu lögaðila geta haft áhrif á RARIK og fjárfesta skuldabréfa félagsins. Slíkar breytingar gætu dregið úr arðsemi félagsins. Skattlagning á tekjur lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt ásamt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt er dæmi um skattheimtu sem máli skiptir fyrir félagið. Skattskyldar tekjur RARIK af starfsemi eru fyrst og fremst tekjur af dreifingu raforku, raforkusölu, hitaveitu og heimtaugagjöld.

1.5.3 Lagaleg áhætta

Mikilvægustu lög sem um útgefanda gilda eru orkulög nr. 58/1967, raforkulög nr. 65/2003 og lög nr. 2/1995 um hlutafélög með áorðnum breytingum ásamt reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Auk þess ber félaginu að fylgja m.a. lög nr. 90/2003 um tekjuskatt, lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lög nr. 3/2006 um ársreikninga og lög nr. 145/1994 um bókhald. Starfsemi Orkusölnunnar heyrir undir ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005. Þá eru ársreikningar og samstæðuársreikningar félagsins útbúnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Sem útgefanda verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði ber félaginu að lúta lögum nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik og reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerna á hverjum tíma.

Úrskurðir dómsmála, breytingar á íslenskum lögum eða stjórnisýsluframkvæmd, jafnvel þó þær eigi sér stað eftir dagsetningu útgefandalýsingarinnar, geta leitt til breytinga á starfsemi eða viðskiptastöðu útgefanda.

Breytingar á lögum og reglum, dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvarðanir gætu haft áhrif á starfsemi félagsins til lengri eða skemmri tíma. Slíkar breytingar gætu leitt til taps fyrir félagið eða með öðrum hætti haft neikvæð áhrif á arðsemi þess eða fjárhagslega stöðu.

Um útgáfu skuldabréfanna gilda íslensk lög svo sem þau voru við staðfestingu útgefandalýsingar félagsins. RARIK getur ekki ábyrgst áhrif lagabreytinga, dómsúrskurða eða stjórnvaldsákvarðana eftir dagsetningu útgefandalýsingar þessarar.

1.5.4 Orðsporsáhætta

Orðsporsáhætta er hættan á að félagið verði fyrir tekjumissi vegna neikvæðrar umfjöllunar um viðskiptahætti þess. Slík neikvæð umfjöllun getur til dæmis komið upp ef félaginu verða á mistök í rekstri eða ef félagið eða tengdur aðili þess er sakaður um eða dæmdur fyrir athæfi sem samrýmist ekki lögum. Ef orðspor eða trúverðugleiki félagsins verður fyrir tjóni vegna opinberrar eða almennrar umræðu getur það haft neikvæð áhrif á framtíðartekjur félagsins. Þó er vert að nefna að viðskiptavinir Rarik geta ekki sagt upp viðskiptum við óbreytt raforkulög nr. 65/2003.

2. Tilkynning til fjárfesta

Útgefandalýsing þessi er birt í tengslum við umsókn um töku skuldabréfaflokka útgefnum af RARIK ohf. til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland, kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík. Útgefandalýsingin er útbúin af Íslandsbanka og byggir alfarið á gögnum frá félaginu og stjórnendum þess. Útgefandalýsingin er birt rafrænt á íslensku á vef félagsins, <https://www.rarik.is/um-rarik/fjarmal>.

Upplýsingar í útgefandalýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem hún er dagsett og geta breyst frá því að útgefandalýsingin er staðfest og þar til viðskipti hefjast með skuldabréfin. Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í útgefandalýsingunni, á tímabilinu frá því að útgefandalýsingin er staðfest og þar til viðskipti með skuldabréfin á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hefjast mun félagið útbúa viðauka við útgefandalýsinguna í samræmi við 23. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 ásamt ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Eftir birtingu útgefandalýsingarinnar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af útgefandanum eða varða hann.

Útgefandalýsing þessi er gerð í samræmi við íslensk lög og reglugerðir og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 frá 14. mars 2019 sem hefur verið innleidd í íslenskan rétt, þar á meðal lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Útgefandalýsingin fylgir ákvæðum viðauka í framseldri reglugerð Framkvæmdastjórnar ESB 2019/980, þ.e. viðauka 7. Útgefandalýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga. Útgefandalýsingu þessari skal ekki dreifa til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef dreifing hennar brýtur í bága við lög eða reglur viðkomandi lands.

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Fjárfestar sem skuldabréfin varða eru hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar í þessari útgefandalýsingu og er í því samhengi sérstaklega bent á kafla 1 um áhættuþætti.

Útgefandalýsingu þessa má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, umsjónaraðila eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í skuldabréfum útgefanda og taka tillit til þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum og verðbréfafyrirtækjum, til aðstoðar við mat á verðbréfum útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup í skuldabréfum útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

2.1 Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda

Fyrir hönd útgefanda lýsa undirritaðir, forstjóri og stjórnarformaður RARIK ohf., kt. 520269-2669, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík, því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar sem útgefandalýsingin hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 19. maí 2025

F.h. RARIK ohf.

Ingunn Agnes Kro,
Stjórnarformaður RARIK ohf.

Magnús Þór Ásmundsson,
Forstjóri RARIK ohf.

2.2 Endurskoðendur

Endurskoðendur RARIK á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til í útgefandalýsingu þessari var Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Dalvegi 30, 201 Kópavogi, í samræmi við samning milli Ríkisendurskoðunar, kt. 540269-1819, Bríetartúni 7, 105 Reykjavík, Rarik og Deloitte. Ríkisendurskoðun skal skv. 4. gr. laga nr. 46/2016, um Ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, endurskoða reikningsskil útgefanda.

Fyrir hönd Ríkisendurskoðunar hafa Guðmundur B. Helgason, ríkisendurskoðandi, ásamt Pálínu Árnadóttur, endurskoðanda hjá Deloitte ehf. og meðlimur í Félagi löggiltra endurskoðenda, áritað þær fjárhagsupplýsingar sem mynda hluta af útgefandalýsingu þessari.

2.3 Umsjónaraðili

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur (hér eftir „Íslandsbanki hf.“ eða „umsjónaraðili“) hefur verið útgefanda til ráðgjafar við útgáfu og sölu skuldabréfaflokksins og töku hans til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland, þ.m.t. við gerð útgefandalýsingar þessarar. Íslandsbanki þiggur þóknun fyrir aðkomu sína að þessum verkefnum. Útgefandalýsingin byggir alfarið á upplýsingum frá útgefanda. Íslandsbanki hf. hefur ekki staðreynt með sjálfstæðum hætti að þær upplýsingar sem útgefandalýsingin hefur að geyma séu réttar.

Samskiptaupplýsingar Íslandsbanka eru: fyrirtækjaráðgjof@islandsbanki.is og LEI auðkenni er 549300PZMFIQR79QOT97.

2.4 Staðfesting af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands

Útgefandalýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“), sem er lögbært yfirvald samkvæmt lögum um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020 og reglugerð ESB 2017/1129. Fjármálaeftirlitið staðfestir aðeins útgefandalýsingu þessa í þeim skilningi að hún uppfyllir kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð ESB 2017/1129. Ekki ber að líta á staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á útgefandalýsingu þessari sem stuðning við útgefandann.

3. Upplýsingar um útgefandann

3.1 Útgefandi

Lögformlegt heiti útgefanda er RARIK ohf. og er viðskiptaheiti hans RARIK. Útgefandi er skráður í Reykjavík, Íslandi undir kennitölunni 520269-2669. Lögheimili útgefanda og skrifstofa er að Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík, sími 528 9000. Vefsíða útgefanda er www.rarik.is². Útgefandalýsing þessi skal vera aðgengileg öllum á rafrænu form í tíu ár eftir birtingu á fyrrnefndri vefsíðu útgefanda. LEI auðkenni RARIK er 549300YQNG5ENQKH6T17.

RARIK er opinbert hlutafélag stofnað þann 1. ágúst 2006, sbr. lög nr. 25/2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. RARIK starfar skv. lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, raforkulögum nr. 65/2003 og orkulögum nr. 58/1967.

3.2 Saga, starfsemi og skipulag

RARIK ohf. er opinbert hlutafélag í eigu ríkisins sem var stofnað 1. ágúst 2006 og tók þá við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins sem hófu starfsemi sína þann 1. janúar árið 1947. Frá stofnun hefur RARIK aflað almenningi og atvinnuvegum raforku.

Með tilkomu raforkulaga nr. 65/2003 og ákvæða um aðskilnað samkeppnis- og einkaleyfisþátta var sérstakt dótturfélag stofnað, Orkusalan, um framleiðslu og sölu á vegum félagsins. Orkusalan tók til starfa árið 2007 og starfrækir í dag fimm virkjanir. Árið 2007 hætti RARIK einnig að sinna heildsölu rafmagns og var stofnlínukerfi félagsins selt til Landsnets hf. sem stofnað var sama ár.

Tilgangur RARIK og samstæðu þess er í dag að framleiða, dreifa og eiga viðskipti með raforku og varmaorku, í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003 og orkulaga nr. 58/1967 ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins. Þá er tilgangur RARIK enn fremur að taka þátt í stofnun og rekstri annarra félaga sem samrýmast rekstri þess. RARIK er móðurfélag í samstæðu og á þrjú dótturfélög, Orkusöluna ehf., RARIK orkuþróun ehf. og Ljós og gagnaleiðara ehf. Útgefandi er ekki háður dótturfélögum sínum umfram hefðbundin eignatengsl.

Stærsti þáttur í starfsemi RARIK er raforkudreifing á almennum markaði. Dreifikerfi RARIK nær til allra landshluta, utan Vestfjarða, höfuðborgarsvæðisins og Reykjaness, bæði sveita og þéttbýliskjarna. Áhersla hefur verið á uppbyggingu dreifikerfa í sveitum en um 90% þeirra eru í umsjá RARIK. Lengd dreifikerfisins nemur nú 10.250 km, þar af eru um 8.244 km jarðstrengir eða 80,4%. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að dreifikerfið verði að fullu í jarðstrengjum árið 2035. Á árinu 2024 var dreifing á forgangsorku um dreifikerfi RARIK um 1.133 GWst sem var 2% aukning samanborið við fyrra ár. Dreifing á ótryggðri orku dróst hins vegar saman um 193 KWst eða sem nemur 73% samdrætti. Eignir RARIK í veitukerfum eru um 81 milljarður króna m.v. lok árs 2024. Auk þess rekur Rarik fjórar jarðhitaveitur.

Orkusalan ehf. annast framleiðslu og sölu á raforku. Orkusalan starfar einungis á samkeppnismarkaði og er með þriðjungs hlutdeild í raforkusölu á almennum markað ásamt því að eiga og reka virkjanir víða um land. Orkusalan er umfangsmest af dótturfélögum RARIK með 5.743 milljónir króna í rekstrartekjur og 29 starfsmenn í árslok 2023.

Rarik Orkuþróun ehf. hafði umsjón með erlendu verkefni sem var selt til samstarfsaðila á árinu 2022 og er því ekki með nein verkefni í rekstri og Ljós- og gagnaleiðari ehf. hefur umsjón með ljósleiðurum sem lagðir hafa verið með jarðstrengjum. Dótturfélögin eru alfarið í eigu RARIK ohf. Árið 2009

² Upplýsingar á vefsetrinu eru ekki hluti af útgefandalýsingu þessari nema þær upplýsingar séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun

stofnaði RARIK Ljós og gagnaleiðara ehf. sem annast leigu á hluta af ljósleiðurum félagsins en enginn starfsmaður er starfandi hjá því.

3.3 Hluthafi

Eini hluthafi RARIK ohf., er ríkissjóður Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 25/2006 um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins með síðari breytingum. Forræði eignarhlutarins er á höndum fjármálaráðherra. Í samræmi við 46. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál getur ekki komið til sölu á hlutum ríkisins í RARIK nema með sérstakri heimild Alþingis.

Samkvæmt bestu vitund RARIK er ekki í gildi neitt fyrirkomulag sem seinna meir getur haft í för með sér breytingar á yfirráðum yfir útgefanda.

4. Stjórn, framkvæmdaráð og hluthafi RARIK

4.1 Stjórn

Stjórn RARIK er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Stjórn er kjörin til eins árs í senn. Á aðalfundi félagsins þann 10. apríl 2025 voru eftirtaldir aðilar endurkjörnir til setu í stjórn félagsins og eiga því sæti fram að næsta aðalfundi.

Stjórn stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Stjórnin sinnir jafnframt stefnumótun, eftirliti og töku meiriháttar ákvarðana í rekstri félagsins í samræmi við lagareglur sem gilda um stjórn félagsins. Stjórnin staðfestir rekstrar- og fjárfestingaáætlanir, fer með málefni félagsins og annast stjórnskipulag rekstrar þess og að starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn kýs sér formann og varaformann á fyrsta stjórnarfundum eftir kjör hennar og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórn ræður forstjóra og ákvarðar starfskjör hans og skyldur.

Formaður stjórnar

Nafn: Ingunn Agnes Kro

Fæðingarár: 1982

Starf utan útgefanda: Stjórnarseta og ráðgjöf

Starfsreynsla: Hún er með BA og MA próf í lögfræði, MBA próf og próf í verðbréfamiðlun. Ingunn var framkvæmdastjóri Jarðvarma slhf. frá 2020–2023. Áður var hún framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskiptasviðs Skeljungs, með ábyrgð á lögfræði-, markaðs-, kynningar- og mannauðsmálum. Þar áður yfirlögfræðingur og regluvörður félagsins. Ingunn situr í stjórnnum Sjóvárs-Almennra trygginga hf., Iceland Seafood International hf., Freyju slhf., framtakssjóðs í umsjá Kviku eignastýringar, og Votlendissjóðsins

Fyrst kjörin: 2023

Stjórnarmaður

Nafn: Þóra Gréta Þórisdóttir

Fæðingarár: 1964

Starf utan útgefanda:

Starfsreynsla: Þóra var framkvæmdastjóri fjármála hjá Nóa Síríusi frá 2022 til janúar 2025. Áður var hún Framkvæmdastjóra fjármála hjá Coca-Cola Europacific Partners (CCEP), á Íslandi frá árinu 2012 – 2018 og fór í framhaldi af því m.a. til CCEP í Svíþjóð í ákveðin sérverkefni en starfaði frá 2020 –2022 sem fjármálastjóri CCEP í Svíþjóð. Þar áður var hún Framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni hjá Plastprenti (2004–2011).

Fyrst kjörinn: 2025

Stjórnarmaður

Nafn: Ari Jónsson

Fæðingarár: 1968

Starf utan útgefanda: Framkvæmdastjóri Videntifier Technologies ehf.

Starfsreynsla: Að loknu námi starfaði Ari sem vísindamaður hjá NASA fram til ársins 2007. Það ár gekk hann til liðs við Háskólann í Reykjavík og gegndi starfi rektors frá 2010 til 2021. Hann tók þá við stöðu framkvæmdastjóra hjá AwareGO en færði sig árið 2023 til Videntifier Technologies þar sem hann er framkvæmdastjóri í dag.

Fyrst kjörinn: 2025

Stjórnarmaður

Nafn: Sverrir Jan Norðfjörð

Fæðingarár: 1976

Starf utan útgefanda: Rannsóknir og kennsla við HÍ

Starfsreynsla: Sverrir starfar nú við rannsóknir og kennslu við HÍ. Hann var áður framkvæmdastjóri hjá Landsneti á árunum 2015–2024. Áður hefur hann gegnt ólíkum störfum víða í atvinnulífinu, sem deildastjóri, verkefnastjóri, þróunarstjóri, ráðgjafi og sérfræðingur. Sverrir sat í stjórn félagana Netorku hf., Orkufjarskipti hf., og er nú stjórnarformaður fasteignafélagsins LLM ehf. Hann hefur einnig komið að stjórnnum ýmissa innlendra og erlendra nefnda, þar á meðal skipaður formaður Raforkuspáhóps á vegum Orkumálstjóra.

Fyrst kjörinn: 2025

Stjórnarmaður

Nafn: Einar Pálmi Sigmundsson

Fæðingarár: 1967

Starf utan útgefanda: Sjálfstæður ráðgjafi

Starfsreynsla: Einar er viðskiptafræðingur frá HÍ, MBA frá RSM í Rotterdam og með próf í verðbréfamiðlun. Einar hefur gegnt ýmsum störfum á fjármálamarkaðinum. Sérfræðingur í fjárstýringu og síðar forstöðumaður gjaldeyris- og verðbréfamiðlunar Íslandsbanka 1993–2002. Verkefnastjóri í fyrirtækjaráðgjöf hjá Íslandsbanka 2004–2007. Yfirmaður eigin viðskipta Kaupþings 2007–2008. Verkefnastjóri í endurskipulagningu fyrirtækja hjá Arion 2000–2009. Yfirmaður fyrirtækjaráðgjafar HF Verðbréfa 2010–2015. Sjálfstæður ráðgjafi 2015–2016 og fjárfestingarstjóri á framtakssjóðasviði Kviku 2017–2025.

Fyrst kjörin: 2025

Varamaður stjórnar

Nafn: Sigrún Hallgrímsdóttir

Fæðingarár: 1967

Starf utan útgefanda: Sjálfstætt starfi fjármálaráðgjafi.

Starfsreynsla: Sigrún starfaði sem fjármálastjóri hjá Mílu hf frá 2014–2024 og sem forstöðumaður hjá Mílu hf. frá 2008–2014. Árin 2007–2008 starfaði hún sem

sérfræðingur á fjármálasviði samstæðu Kaupþings og árin 1998–2006 sem deildarstjóri hjá Símanum hf.

Fyrst kjörin: 2025

Varamaður stjórnar

Nafn: Ragnar Guðmundsson

Fæðingarár: 1965

Starf utan útgefanda: Framkvæmdastjóri EP Power Minerals á Íslandi auk ráðgjafastarfa.

Starfsreynsla: 2007–2019 Norðurál, forstjóri Norðuráls og 1997–2007 framkvæmdastjóri fjármálasviðs. 1996–1997 fjármálastjóri Básafell. 1993–1996 deildarstjóri hjá Samskip og 1988–1990 framkvæmdastjóri Hjarni hf.

Fyrst kjörin: 2025

Starfsstöð stjórnar er að Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík. Önnur störf ofangreindra stjórnarmanna skipta hvorki máli fyrir né hafa áhrif á starfsemi útgefanda.

4.2 Framkvæmdastjórn

Forstjóri

Nafn: Magnús Þór Ásmundsson

Fæðingarár: 1963

Starfsreynsla: RARIK ohf 2022 – 2025, Faxaflóahafnir sf 2020 – 2022, Alcoa Fjarðaál sf. 2009 – 2020, Marel hf 1990 – 2009

Aðstoðarforstjóri

Nafn: Silja Rán Steinberg Sigurðardóttir

Fæðingarár: 1978

Starfsreynsla: RARIK 2022 – 2025, Orkustofnun 2014 – 2022

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Nafn: Elísabet Ýr Sveinsdóttir

Fæðingarár: 1989

Starfsreynsla: Rarik 2023 – 2025, Orkusalan 2021 – 2023, Samherji Group 2017 – 2021, Jarðboranir 2011 – 2017

Framkvæmdastjóri veitukerfa

Nafn: Helga Jóhannsdóttir

Fæðingarár: 1966

Starfsreynsla: RARIK 2017–2025, BKK Nett AS 2003–2017.

Framkvæmdastjóri viðskiptaþjónustu

Nafn: Egill Jónasson
Fæðingarár: 1984
Starfsreynsla: RARIK 2022 – 2025, Orkuveita Reykjavíkur 2016 – 2022, Carbon Recycling International 2012 – 2016

Framkvæmdastjóri þróunar og framtíðar

Nafn: Kristín Soffía Jónsdóttir
Fæðingarár: 1982
Starfsreynsla: RARIK 2023 – 2025, KLAKE 2021 – 2023, Borgarstjórn Reykjavíkur 2014 – 2021

Framkvæmdastjóri mannauðs og menningar

Nafn: Sigrún Birna Björnsdóttir
Fæðingarár: 1979
Starfsreynsla: RARIK 2022 – 2025, Alcoa Fjarðaál 2011 – 2022, Grunnskóli Reyðarfjarðar 2003 – 2011

Framkvæmdastjóri viðskiptatækni og skilvirkni

Nafn: Guðni Björgvin Guðnason
Fæðingarár: 1961
Starfsreynsla: RARIK 2023 – 2025, Intellecta 2020 – 2023, Deloitte 2015 – 2020

Heimilisföng vinnustaða framangreindra aðila er að Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík.

Dótturfélög:

Framkvæmdastjóri Orkusölnunnar

Nafn: Magnús Kristjánsson
Fæðingarár: 1975
Starfsreynsla: Orkusalan 2007–2025, TM Software 2006–2007, RARIK upplýsingatækni við 2003–2006.

Heimilsfang Orkusölnunnar er að Urðarhvarfi 8, 203 Kópavogur.

4.3 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Engir hagsmunaárekstrar eru á milli skyldustarfa aðila er sitja í stjórn, varastjórn eða framkvæmdaráði RARIK og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Engin fjölskyldutengsl eru á milli stjórnarmanna og forstjóra eða framkvæmdastjóra félagsins. Stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins. Viðskipti við tengda aðila eru verðlögð eins og um ótengda aðila sé að ræða.

Vakin er athygli á eftirfarandi hagsmunum Íslandsbanka vegna RARIK:

- Íslandsbanki hf. fær greidda þóknun úr hendi útgefanda fyrir þá vinnu sem tilgreind er í kafla 2.3. *Umsjónaraðili* í útgefandalýsingu þessari. Engin önnur hagsmunatengsl eru til staðar á milli útgefanda og umsjónaraðila.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu

Útgefandi lýsir því yfir að hvorki hafi orðið verulegar og mikilvægar breytingar á fjárhags- og viðskiptastöðu útgefanda né fjárhagslegri afkomu frá lokum síðasta fjárhagstímabils, 31. desember 2024. Útgefandi lýsir því enn fremur yfir að ekki hafi orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum félagsins frá lokum síðasta fjárhagstímabils.

5.2 Stjórnsýslu-, dóms- og gerðardómsmál

Þann 8. apríl 2020 var Orkusölnunni tilkynnt að Samkeppniseftirlitið hefði til rannsóknar tiltekin atriði sem lúta að Netorku hf. og lóðrétt samþættum fyrirtækjum á vettvangi smásölu og dreifingar raforku sem flest eru eigendur Netorku. Í tilgreindu erindi var tekið fram að rannsóknin liti á þessu stigi að því að því að kanna fyrirkomulag við notendaskipti hjá dreifiveitufyrirtækjum með hliðsjón af 10. og 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og eftir atvikum c-lið 1. mgr. 16. gr. sömu laga, hvort starfsemi Netorku fari gegn 10. og 12. gr. laganna og hvort háttsemi Orkusölnunnar og/eða RARIK hafi falið í sér brot á 11. gr. samkeppnislaga, en rannsóknin byggði m.a. á erindum og ábendingum sem stofnuninni hafi borist frá frá Orku heimilanna ehf. og Íslenskri orkumiðlun ehf. Af hálfu Orkusölnunnar hefur meintri brotlegri háttsemi félagsins verið hafnað í ítarlegum athugasemdum þess til Samkeppniseftirlitsins. Rannsókninni hefur ekki verið lokað af hálfu Samkeppniseftirlitsins en Orkusalan hefur ekki verið upplýst frekar um stöðu hennar frá árinu 2021. Rannsóknin kemur aðeins til álita sé Orkusalan metin í markaðsráðandi stöðu sem félagið hefur alfarið hafnað vegna málsins. Að öðru leyti er ekki unnt á þessu stigi að taka frekari afstöðu til efnisatriða málsins.

Að öðru leyti en er hér ofangreint er RARIK ekki aðili að öðrum stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálum, né hefur verið það sl. 12 mánuði, sem kunna að hafa haft eða hafa að undanförunu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins, arðsemi þess eða samstæðu þess. Þá er félaginu ekki kunnugt um að ný slík mál séu í farvatninu. Yfirlýsing þessi miðast við dagsetningu útgefandalýsingar þessarar.

5.3 Skjöl til sýnis

Eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra) eru til sýnis á vefsíðu félagsins, <https://www.rarik.is/um-rarik/fjarmal>, og aðgengileg á prentuðu formi á skrifstofu útgefanda að Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík, 12 mánuði frá staðfestingu útgefandalýsingar þessarar, dagsettri 19. maí 2025.

- Samþykktir RARIK ohf., dagsettar 22. mars 2024.

Lýsingin er birt rafrænt á íslensku á vef félagsins, <https://www.rarik.is/um-rarik/fjarmal> og verður aðgengileg þar í 10 ár. Gildistími lýsingarinnar er 12 mánuðir frá staðfestingu hennar. Lýsing þessi samanstendur af tveimur aðskildum skjölum, útgefandalýsingu þessari og verðbréfalýsingu, dagsettar 19. maí 2025.

- Útgefandalýsing útgefanda, dagsett 19. maí 2025.
- Verðbréfalýsing skuldabréfaflokksins RARIK 151039, dagsett 19. maí 2025.

5.4 Skjöl felld inn með tilvísun

- Stofnsamningur RARIK ohf., dagsettur 12. júlí 2006, sem nálgast má á vefsíðu RARIK: [Microsoft Word - RA-29407](#).

- Ársreikningur 2024, dagsettur 27.mars 2025, má nálgast á vefsíðu RARIK [RARIK ársreikningur 2024](#)
- Ársreikningur 2023, dagsettur 5. mars 2024, má nálgast á vefsíðu RARIK [RARIK ársreikningur 2023](#)

Ársreikningarnir hafa verið endurskoðaðir af Deloitte sem eru endurskoðendur RARIK og innihalda áritun þeirra. Endurskoðendur félagsins hafa hvorki hafnað að veita áritun á reikninga félagsins né hefur áritun þeirra falið í sér fyrirvara eða afsal ábyrgðar.

Ársreikningar útgefanda eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 sem innleidd hefur verið með lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Ársreikningar RARIK eru gerðir á samstæðugrunni. Samstæðan nær til móðurfélagsins RARIK ohf. og dótturfélaganna Orkusölnunnar (100%), RARIK Orkuþróunar ehf. (100%) og Ljós og gagnaleiðari ehf. (100%). Fjárhagsár RARIK er almanaksárið.

Útgefandalýsingu þessa skal lesa í samhengi við öll þau skjöl sem felld eru inn í útgefandalýsingu með tilvísun. Útgefandalýsingu þessa skal lesa og túlka á þeim grundvelli að öll þau skjöl sem felld eru inn í útgefandalýsingu með tilvísun eru órjúfanlegur hluti af útgefandalýsingu þessari.

6. Skilgreiningar

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar	vísar til International Financial Reporting Standards (IFRS) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr.1606/2002 og hafa verið innleiddir í lög nr. 3/2006 um ársreikninga.
RARIK, útgefandi, félagið og RARIK ohf.	vísar til RARIK ohf., kt. 520269-2669, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík.
Ríkisendurskoðun	vísar til Ríkisendurskoðunar, kt. 540269-1819, Bríetartúni 7, 105 Reykjavík.
Nasdaq Iceland	vísar til Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.
Skuldabréfin, skuldabréfaflokkarnir og útgáfan	vísar til skuldabréfa útgefnum af RARIK ohf., þ.m.t. skuldabréfaflokkarnir RARIK 150538, RARIK 011025 og RARIK 011040.
Stjórn	vísar til stjórnar RARIK ohf.
Umsjónaraðili og Íslandsbanki	vísar til Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi.
Útgefandalýsing	vísar til útgefandalýsingar þessarar, dagsettri 19. maí 2025.

Framangreindar skilgreiningar og skammstafanir eiga við nema annað sé af samhengi augljóst. Þegar vísað er til laga og reglugerða í útgefandalýsingunni er vísað til íslenskra laga og reglugerða með áorðnum breytingum.